

Skipulagsstofnun

Lýsing landsskipulagsstefnu 2013-2024

Ásamt matslýsingu vegna umhverfismats

8. mars 2012

Efnisyfirlit

1 Inngangur	6
1.1 Vinna við landsskipulagsstefnu	6
1.2 Forsagan	6
1.3 Lög og reglugerðir	7
1.4 Afmörkun verkefnis og uppbygging lýsingar	7
2 Viðfangsefni og áherslur landsskipulagsstefnu 2013-2024	9
2.1 Yfirlit yfir efni landsskipulagsstefnu	9
2.2 Áherslur landsskipulagsstefnu 2013-2024	9
2.2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands	9
2.2.2 Búsetumynstur – dreifing byggðar	9
2.2.3 Skipulag á haf- og strandsvæðum	10
3 Forsendur, greining og gagnaöflun	11
3.1 Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála	11
3.2 Greinargerð um áætlanir ríkisins á landsvísu	11
3.3 Aðrar forsendur	11
4 Megin verkþættir landsskipulagsstefnu	14
4.1 Helstu áfangar og tímasetning þeirra	14
5 Umhverfismat, matslýsing	17
5.1 Tilgangur umhverfismats landsskipulagsstefnu	17
5.2 Tengsl landsskipulagsstefnu við aðrar áætlanir	17
5.3 Þættir sem taldir eru valda áhrifum	17
5.4 Umfang og nákvæmni umhverfismats	17
5.4.1 Afmörkun umhverfismats	17
5.4.2 Áhrif umhverfismats á landsskipulagsstefnu	18
5.4.3 Skilgreining umhverfispáttá	19
5.4.4 Viðfangsefni í umhverfismati landsskipulagsstefnu	20
5.4.5 Greining og mat umhverfisáhrifa og valkostir	21
5.4.6 Upplýsingaöflun vegna stefnumótunar og umhverfismats	22
6 Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu	23
6.1 Kröfur laga og reglugerðar um samráð við landsskipulagsstefnu	23
6.2 Samráðsaðferðir	23
6.2.1 Ráðgjafarnefnd	23
6.2.2 Samráðsvettvangur	23
6.2.3 Vefur um landsskipulagsstefnu	24
6.2.4 Samráðsfundir	24
6.2.5 Málstofa um miðhálandið	24

6.3 Samráðsferlið	25
6.3.1 Lýsing landsskipulagsstefnu	25
6.3.2 Mótun landsskipulagsstefnu	25
6.3.3 Framsetning tillögu	25
6.3.4 Auglýsing tillögu og umhverfisskýrslu	25
6.3.5 Lokavinnsla landsskipulagsstefnu	26
6.4 Yfirlit yfir ferli og aðferðir	27

1 Inngangur

1.1 Vinna við landsskipulagsstefnu

Undirbúningur að gerð landsskipulagsstefnu hófst í framhaldi af samþykkt nýrra skipulagslaga á Alþingi í september 2010. Í apríl 2011 kynntu fulltrúar umhverfissráðuneytis og Skipulagsstofnunar sér reynslu af gerð og framkvæmd landsskipulags í Finnlandi og Danmörku. Reglugerð um landsskipulagsstefnu tók gildi í október 2011 en hún mótar umgjörð um vinnu við gerð landsskipulagsstefnu og segir til um hver viðfangsefni hennar eigi að vera. Í september 2011 setti umhverfissráðherra fram áherslur sínar við gerð fyrstu landsskipulagsstefnunnar og fól Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu.

Skipulagsstofnun hefur nú tekið saman lýsingu á verkefninu sem hér er kynnt og geta allir sem þessa óska komið athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun innan þriggja vikna frá því lýsingin er auglýst. Auk Skipulagsstofnunar hefur ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu og samráðsvettvangur unnið að undirbúningi málsins. Þá hefur ráðgjafarfyrirtækið Alta ehf. og VSÓ-ráðgjöf verið Skipulagsstofnun til aðstoðar.

1.2 Forsagan

Í september 2010 var samþykkt á Alþingi frumvarp til nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og tóku löggin gildi 1. janúar 2011. Með lögunum voru í fyrsta skipti hér á landi sett ákvæði um landsskipulagsstefnu en samkvæmt þeim leggur umhverfissráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu.

Samkvæmt 4. tl. bráðabirgðaákvæða laganna skal umhverfissráðherra eigi síðar en árið 2012 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Þegar landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal ráðherra fella niður Svæðisskipulag miðhálandis Íslands. Þar til landsskipulagsstefna hefur verið samþykkt skal Skipulagsstofnun gæta þess að aðalskipulag sveitarfélaga sé í samræmi við svæðisskipulag miðhálandis Íslands og þá stefnumörkun sem þar kemur fram. Skipulagsstofnun er heimilt að gera breytingar á svæðisskipulagi miðhálandisins, til samræmis við tillögur að breytingu á aðalskipulagi, þegar breytingin felur ekki í sér nýja stefnumörkun um landnotkun.

Í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 voru ákvæði um áætlanir um landnotkun á landsvísu þar sem Skipulagsstofnun var falið að afla gagna, hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt, svo sem um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki og náttúruvernd. Í aðdraganda samþykktar laganna á Alþingi 1997 var mikið rætt um landsskipulag og gerðar tillögur um hvernig að því skyldi staðið. Ekki náðist samstaða um málið en sem eins konar málamiðlun var niðurstaðan sú að umhverfissráðherra gæti miðlað málum ef í ljós kæmi ósamræmi milli einstakra áætlana. Þá gat umhverfissráðherra, að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar gat umhverfissráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að sú niðurstaða verði felld að skipulagsáætlunum. Á þetta ákvæði reyndi aldrei.

Í landsskipulagsstefnu samkvæmt nýjum skipulagslögum eru sambættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

1.3 Lög og reglugerðir

Gerð landsskipulagsstefnu byggir á skipulagslögum og reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Markmið landsskipulagsstefnu eru samkvæmt 1. gr. reglugerðar að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkari áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Um gerð lýsingar landsskipulagsstefnu fer skv. 12. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu. Þar segir m.a. að gera skuli grein fyrir þeim áherslum sem umhverfisráðherra hefur lagt til fyrir vinnuna og hvernig staðið verður að greiningu á stöðu skipulagsmála og greiningu á stefnumörkun og áætlunum á landsvísu. Einnig skal gera grein fyrir því hvernig verður staðið að mótun landsskipulagsstefnunnar, umhverfismati og kynningu og samráði. Sérstaklega skal gera grein fyrir því hvernig verður fjallað um skipulagsmál á miðhálandinu.

Um umhverfismat landsskipulagsstefnu gilda lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hvað varðar kynningu á fyrirhuguðu umfangi og nákvæmni matsins skal farið eftir 18. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu en þar segir að í lýsingu landsskipulagsstefnu skuli gera grein fyrir fyrirhuguðu umfangi og nákvæmni umhverfismatsins. Einnig skal Skipulagsstofnun kynna umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sérstaklega þennan þátt lýsingar.

1.4 Afmörkun verkefnis og uppbygging lýsingar

Gerð landsskipulagsstefnu tekur til alls ferlisins frá því umhverfisráðherra felur Skipulagsstofnun að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu, þar til þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu er lögð fram á Alþingi. Í því felst m.a. að gera yfirlit yfir stefnu stjórnvalda á landsvísu, vinna greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála og móta stefnu í samráði við hagsmunaaðila. Umhverfisráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 30. september 2011.

Lýsingu landsskipulagsstefnu er skipt upp í sex megin kafla. Fyrsti kafli er inngangskafli og í öðrum kafla er gerð grein fyrir fyrirhuguðum viðfangsefnum og áherslum fyrstu landsskipulagsstefnunnar. Þriðji kafli fjallar um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar og lýsing á aðferðum við gagnaöflum. Í fjórða kafla er ferli landsskipulagsstefnu lýst í grófum dráttum og helstu tímasettu áföngum hennar.

Matslýsing umhverfismats landsskipulagsstefnu er í fimmta kafla en þar er lýsing á hvernig staðið verður að matinu, gerð er grein fyrir þeim aðferðum sem fyrirhugað er að beita í matinu og umfangi og nákvæmni matsins. Skilgreindir eru umhverfispættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af innleiðingu landsskipulagsstefnu og helstu viðfangsefnum matsvinnu lýst. Að öðru leyti er vísað til annarra kafla hvað varðar samráð (kafli 6 Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu) og yfirlit yfir efni landsskipulagsstefnu (kafli 2 Viðfangsefni og áherslur landsskipulagsstefnu).

Í sjötta kafla er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að kynningu og samráði við mótun landsskipulagsstefnu. Fyrst er greint frá kröfum reglugerðar um landsskipulagsstefnu. Þá er farið yfir helstu aðferðir sem verða notaðar við kynningu og samráð. Síðan er helstu áföngum í stefnumótunarferlinu lýst og hvernig staðið verður að samráði í hverjum þeirra. Að lokum er dregin upp heildarmynd af ferlinu og helstu tímasetningum.

2 Viðfangsefni og áherslur landsskipulagsstefnu 2013-2024

2.1 Yfirlit yfir efni landsskipulagsstefnu

Í landsskipulagsstefnu verða settar fram áherslur ríkisins um skipulagsmál og tengslum þeirra við stefnu stjórnvalda í tilteknum málaflokkum sem varða landnotkun. Áherslur landsskipulagsstefnu geta varðað ákveðin þemu, tiltekna landshluta eða landgerðir, s.s. höfuðborgarsvæðið, gæði byggðar, búsetulandslag eða samspil landnotkunar, samgangna og lýðheilsu.

Ákvörðun um áherslur landsskipulagsstefnu hverju sinni tekur mið af þeim áskorunum sem við er að eiga á hverjum tíma á vettvangi skipulagsmála. Umhverfisráðherra hefur ákveðið, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 30. september 2011, að eftirtaldar áherslur verði lagðar til grundvallar við vinnslu landsskipulagsstefnu 2013-2024:

- Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands.
- Búsetumynstur – dreifing byggðar.
- Skipulag á haf- og strandsvæðum.

Landsskipulagsstefna skal taka til eftirfarandi þátta sbr. 7. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu:

1. Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun.
2. Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála.
3. Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál.
4. Stefna um skipulagsmál miðhálandisins.

2.2 Áherslur landsskipulagsstefnu 2013-2024

2.2.1 Stefna um skipulagsmál á miðhálandi Íslands

Af þeim þremur áherslum sem umhverfisráðherra hefur ákveðið að landsskipulagsstefna skuli fjalla um hefur Skipulagsstofnun ákveðið að leggja megin áherslu á skipulagsmál á miðhálandinu. Horft verður til reynslu af núgildandi svæðisskipulagi miðhálandisins, nýrrar þekkingar á náttúrufari hálandisins og á stefnumótandi áætlanir stjórnvalda sem varða landnotkun á svæðinu. Æskilegt er að skoða möguleika á að samræma vinnu sem nú stendur yfir á vegum umhverfisráðuneytis við skilgreiningu vegakerfis á miðhálandinu í landsskipulagsstefnu.

Landsskipulagsstefnu er ætlað að taka við hlutverki Svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 um að marka heildstæða stefnu um skipulagsmál á miðhálandinu, en svæðisskipulagið fellur úr gildi þegar landsskipulagsstefnan hefur verið samþykkt á Alþingi. Mikilvægt er sbr. bréf ráðuneytisins að endurskoða stefnumörkun fyrir skipulag miðhálandisins, en heildstæð endurskoðun þess hefur ekki farið fram síðan svæðisskipulagið var staðfest árið 1999. Stefnumörkun svæðisskipulagsins hefur þegar verið útfærð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga sem eiga hlut að máli, en áfram er þörf á almennri stefnumörkun og samræmingu skipulagsmála á þessu svæði. Einnig þarf að huga að nýjum áskorunum á svæðinu svo sem varðandi orkunýtingu, ferðamál, samgöngumál og beitarmál.

2.2.2 Búsetumynstur – dreifing byggðar

Í landsskipulagsstefnu verður sett almenn stefna fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga varðandi dreifingu íbúðarbyggðar utan þéttbýlisstaða, tegundir landnotkunar, samgöngur, staðarval þjónustukjarna og önnur atriði sem geta haft áhrif á sjálfbærni, þ.e. samþættingu umhverfis, félagslegra og efnahagslegra þátta. Sérstök áhersla verður lögð á að draga fram gildi náttúruverndar fyrir sjálfbærni í búsetu og að skipulagsgerð grundvallist á heildarsýn á náttúrufari viðkomandi sveitarfélags og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Þróun búsetumynsturs verður kortlögð og skilgreindar þær áskoranir sem við er að eiga hvað varðar búsetu í landinu og einkenni byggðar. Sem dæmi um áskoranir má nefna leiðir til að gera búsetumynstrið sjálfbærara og hagkvæmara fyrir sveitarfélögin. Skýrðar verða þær leiðir sem hægt er að fara í stefnumótun um þetta efni, en gert er ráð fyrir að það verði þróað frekar í endurskoðun á landsskipulagsstefnu.

2.2.3 Skipulag á haf- og strandsvæðum

Haf- og strandsvæðaskipulag er nýtt viðfangsefni í skipulagi hér á landi en vaxandi áhersla er á það t.d. á Norðurlöndunum. Vaxandi eftirspurn er eftir notkun og nýtingu hafsvæða sem hefur dregið fram þá hagsmuni sem um er að ræða og þá hvort og hvernig þeir samræmast. Í fyrstu landsskipulagsstefnu er ætlunin að taka saman forsendur fyrir stefnumörkun hafsvæða. Gert er ráð fyrir að unnin verði ákveðin greining fyrir skipulag hafsvæða við Ísland þar sem skilgreint er hvaða notkun og hagsmuni er um að ræða og hvaða stefnumörkun liggur þar að baki. Út frá greiningunni verður skoðað hvaða stefnumörkun er þörf og gerð tillaga að næstu skrefum á sviði hafsskipulags.

3 Forsendur, greining og gagnaöflun

3.1 Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála

Í landsskipulagsstefnu skal taka saman yfirlit yfir stöðu og þróun skipulagsmála í einstökum landshlutum og í landinu í heild. Umfjöllun í fyrstu greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála afmarkast fyrst og fremst við áherslur landsskipulagsstefnu. Þessi greinargerð verður lögð til grundvallar við mótun samræmdrar stefnu og einnig er hún til leiðbeiningar fyrir sveitafélögin í sinni aðalskipulagsgerð. Helstu efnisatriði eru eftirfarandi:

1. **Staða skipulagsgerðar á landsvísu.** Gerð grein fyrir uppbyggingu skipulagskerfisins, lögum og reglugerðum sem um það gilda, stöðu landsskipulagsstefnu í því samhengi og yfirliti yfir stöðu aðalskipulags hjá sveitarfélögum landsins.
2. **Staða og þróun aðalskipulags eftir málaflokkum.** Tekin verða saman gögn um þróun einstakra málaflokka hjá sveitarfélögunum er varða aðalskipulagsgerð, svo sem um íbúáþróun, byggðáþróun, húsbyggingar og landnotkun. Skoðuð verða gögn frá árinu 2000 og fram til þess tíma sem aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna ná til eða allt til ársins 2024. Gögnin verða unnin upp úr aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna en eftir atvikum stuðst við opinberar tölur svo sem um fólksfjölda. Svæðisskipting Ísland 20/20 verður lögð til grundvallar við framsetningu gagna. Einnig verður kannað hvernig aðalskipulag nýtist sem stjórnþæki t. d. við gerð fjárhags- og framkvæmdaáætlana.

Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála er sett fram með þeim fyrirvara að ekki eru til aðgengileg gögn um skipulagsmál fyrir allt landið. Uppbygging slíks gagnagrunns er langtíma verkefni sem ekki er raunhæft að ljúka fyrir gerð fyrstu landsskipulagsstefnu.

3.2 Greinargerð um áætlanir ríkisins á landsvísu

Í landsskipulagsstefnu er gerð grein fyrir stefnumörkun og helstu áætlunum í einstökum málaflokkum á landsvísu sem varða landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að í upphafi nái þetta yfirlit til eftirtalinnna áætlana og stefnuskjala, sem sum hafa ekki verið endanlega samþykkt þegar þessi lýsing er kynnt en ætla má að verði lokið áður en tillaga að landsskipulagsstefnu er auglýst:

- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið október 2010.
- Almenn stefna stjórnvalda í almannavarnamálum. (Í mótun).
- Byggðaáætlun 2010-2013, þingsályktun skv. lögum um Byggðastofnun nr. 106/1999, samþykkt á Alþingi 15. apríl 2011.
- Efling græna hagkerfisins á Íslandi. Þingsályktunartillaga lögð fram á Alþingi í október 2011.
- Ferðamálaáætlun, þingsályktun, samþykkt á Alþingi 7. júní 2011.
- Fjarskiptaáætlun 2011-2022, þingsályktun skv. lögum um fjarskipti nr. 81/2003.
- Húsnæðisstefna, skýrsla samráðshóps um húsnæðisstefnu. Velferðarráðuneytið apríl 2011.
- Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Forsætisráðuneytið, janúar 2011.
- Kerfisáætlun Landsnets 2010 – 2014.
- Landgræðsluáætlun 2003 - 2014, þingsályktun skv. lögum nr. 17/1965 og 43/1975, samþykkt á Alþingi 30. apríl 2002.

- Landsáætlun um úrgang 2012-2023, verður gefin út af umhverfisráðuneyti skv. lögum nr. 55/2003.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð. Menntamálaráðuneytið, apríl 2007.
- Náttúruverndaráætlun, skv. lögum nr. 44/1999, síðast útgefin árið 1996.
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingsályktun skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, samþykkt á Alþingi 2. febrúar 2010.
- Netríkið Íslands. Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Forsætisráðuneytið, maí 2008.
- Orkustefna fyrir Ísland, skýrsla starfshóps útgefin 3. nóvember 2011.
- Samgönguáætlun 2011-2022, tillaga til þingsályktunar skv. lögum um samgönguáætlun, nr. 33/2008.
- Skógræktarstefna (Í mótun).
- Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, september 2011.
- Stefnumörkun í auðlindamálum. (Í mótun).
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013. Umhverfisráðuneytið, nóvember 2010.
- Verndar- og orkunýtingaráætlun, drög að tillögu til þingsályktunar skv. lögum nr. 48/2011.

Þessi listi er eðli málsins samkvæmt ekki tæmandi.

Við greiningu og umfjöllun um fyrrgreindar áætlanir á landsvísu er miðað við að efnisatriði tengist með beinum hætti svæðis- og aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna og stefnu þeirra um landnotkun. Þar er dregið fram hvernig stefna í ofangreindum gögnum snertir viðfangsefni aðalskipulags sbr. gr. 4.3.1. í drögum að nýrri skipulagsreglugerð. Á þann hátt stuðlar yfirlitið að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands og er sveitarstjórnnum handhæg leiðsögn við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaganna.

Yfirlitið tiltekur ekki ákvæði laga og reglugerða um málaflokkana sem ofangreind gögn fjalla um. Gerður er greinarmunur á stefnu annars vegar og áætlun hins vegar. Undir stefnu falla þau ákvæði stefnuskjala og áætlana sem lýsa ásetningi um meginreglur eða tiltekið ástand í framtíðinni, innan rammans sem lög og reglur setja. Undir áætlanir falla ráðstafanir sem þarf að hrinda í framkvæmd til að hin tiltekna stefnumörkun verði að raunveruleika. Slíkar ráðstafanir eru ekki tíundaðar í yfirlitinu heldur lögð áhersla á að gefa yfirlit um stefnuna.

Yfirlitið mun samanstanda af almennum inngangi, greiningu eftir viðfangsefnum aðalskipulags og loks ályktunum um þá heildarmynd sem greiningin gefur. Einnig verða dregin saman þau atriði í fyrrgreindum áætlunum og stefnum sem varða sérstaklega áherslur landsskipulagsstefnu, það er miðhálandið, búsetumynstur og skipulag haf- og strandsvæða.

Efni yfirlitsins í heild mun ráðast af þeim áætlunum og stefnuskjölum sem hafa verið samþykkt við gildistöku landsskipulagsstefnu en Skipulagsstofnun mun leitast við að sýna upp færða útgáfu á vef sínum eftir því sem ný gögn koma fram á gildistíma landsskipulagsstefnunnar.

3.3 Aðrar forsendur

Aðrar forsendur sem lagðar eru til grundvallar og ekki koma fram í fyrrgreindum yfirlitum og varða almenna hagbróun í íslensku samfélagi. Þá verða skilgreindar forsendur svo sem varðandi ferðaþjónustu á miðhálandinu og nýtingu og notkun haf- og strandsvæða. Einnig kallar umfjöllun um búsetumynstur og dreifingu byggðar á sérstaka greiningu. Sjá nánar um aðrar forsendur landsskipulagsstefnu og tengsl þeirra við umhverfismatið í kafla 5.4.6 Upplýsingaöflun vegna stefnumótunar og umhverfismats.

4 Megin verkþættir landsskipulagsstefnu

4.1 Helstu áfangar og tímasetning þeirra

Ferli landsskipulagsstefnu er mótað í samræmi við reglugerð um landsskipulagsstefnu, en tímaáætlun tekur mið af bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 30. september 2011. Helstu tímasetningar eru sýndar í töflu 1 og 2 en helstu áfangar vísa til flæðirits bls. 16.

Nánar er fjallað um ferlið og samráð við mótun landsskipulagsstefnu í kafla 6 Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu.


Tafla 1. Mikilvægar tímasetningar í ferli landsskipulagsstefnu (A)

Tími	Viðfangsefni
1. maí – 30. sept. 2011	Undirbúningur fyrir gerð landsskipulagsstefnu. Gagnasöfnun og samráð milli umhverfisráðuneytis og Skipulagsstofnunar um áherslur.
30. sept. 2011	Umhverfisráðherra felur Skipulagsstofnun að vinna að gerð landsskipulagsstefnu og leggur fram áherslur hennar.
15. nóv. 2011	Skipulagsstofnun stofnar samráðsvettvang vegna mótunar landsskipulagsstefnu. Vinna hefst við afmörkun landsskipulagsstefnu og gerð lýsingar.
13. des. 2011	Umhverfisráðherra skipar ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu.
8. mars. 2012	Skipulagsstofnun auglýsir lýsingu landsskipulagsstefnu og matslýsingu umhverfismats.
18. apríl 2012	Skipulagsstofnun hefur tekið saman yfirlit yfir innkomnar athugasemdir við lýsingu og hvernig er unnið úr þeim.
1. ágúst 2012	Skipulagsstofnun lýkur við vinnu við samræmda stefnu sem unnið er með hliðsjón af niðurstöðu umhverfismats og samráðsvinnu.
3. sept. 2012	Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að landsskipulagsstefnu ásamt umhverfismati.
1.-15. des. 2012	Skipulagsstofnun birtir umfjöllun um umsagnir og athugasemdir og hvernig höfð er hliðsjón af þeim. Skipulagsstofnun skilar tillögu að landsskipulagsstefnu til umhverfisráðherra.


Tafla 2. Mikilvægar tímasetningar í samráðsferli landsskipulagsstefnu (B)

Tími	Viðfangsefni
15. nóv. 2011 – 8. mars 2012	Samráð við stofnanir, sveitarfélög og samráðsvettvang um gerð lýsingar.
3. febrúar 2012	Fyrsti fundur samráðsvettvangs. Vinna með áherslur landsskipulagsstefnu.
8. – 30. mars 2012	Lýsing landsskipulagsstefnu kynnt á samráðsvettvangi og auglýst í blöðum og vefsetri. Þriggja vikna athugasemdafrestur.
8. – 30. mars 2012	Samráð við umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun um umfang og nákvæmni umhverfismats.
29. mars 2012	Málstofa um miðhálandi Íslands.
16. apríl 2012	Yfirlit og greinargerð um athugasemdir við lýsingu kynnt á vefsetri. Yfirlit yfir áætlanir á landsvísu og greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála birt á vefsetri.
1. mars – 1. júní	Samráðsvinna á netinu og fundir um afmörkuð viðfangsefni. Leitað eftir upplýsingum um afmörkuð viðfangsefni á fundum og með álitsumleitan.
1. – 31. ágúst 2012	Tillaga að landsskipulagsstefnu kynnt á samráðsvettvangi og í ráðgjafarnefnd. Fundur á samráðsvettvangi um miðjan ágúst.
3. sept. – 30. okt. 2012	Tillaga að landsskipulagsstefnu auglýst í dagblöðum, Lögbirtingarblaðinu og vefsetri. Jafnframt er tillagan send til umsagnar til sveitarfélaga, hlutaðeigandi stofnana og hagsmunasamtaka. Átta vikna kynningartími.
30. nóv. 2012	Aðilum sem gerðu athugasemdir eða umsagnir er gerð grein fyrir umsögn Skipulagsstofnunar um þær.

Ferli landsskipulagsstefnu (A)



Samráð og kynning (B)



5 Umhverfismat, matslýsing

5.1 Tilgangur umhverfismats landsskipulagsstefnu

Tilgangur umhverfismats landsskipulagsstefnu er að tryggja eftir því sem tæk eru á að umhverfisáhrif séu metin við gerð hennar í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða. Leitast verður við að greina umhverfisvandamál og marka stefnu sem í heild stuðli að jákvæðum áhrifum á umhverfið.

5.2 Tengsl landsskipulagsstefnu við aðrar áætlanir

Fjöl margar áætlanir og stefnuskjöl ríkisins á landsvísu tengjast landsskipulagsstefnu en gerð verður ítarlega grein fyrir þeim í sérstakri samantekt sbr. kafla 2.1 og 3.2. Þar verður umfjöllun og greining á forsendum fyrir samþættingu áætlana.

Tekið verður saman yfirlit yfir tengsl einstakra áætlana við samræmda landsskipulagsstefnu og umfjöllun um umhverfisáhrif sem betur á við að meta á öðrum stigum og hvernig möguleg eftirfylgni og vöktun landsskipulagsstefnu tengist öðrum áætlunum.

5.3 Þættir sem taldir eru valda áhrifum

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Hún felur almennt ekki í sér fyrirsmæli um nákvæma útfærslu landnotkunar nema að um hana sé fjallað í fyrirliggjandi áætlunum opinberra aðila. Hún hefur áhrif á tiltekna umhverfisþætti þótt almennt ekki sé um að ræða fyrirsmæli um nákvæma staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda.

Landsskipulagsstefnu er ætlað að stuðla að samræmingu í áætlanagerð ríkis og sveitarfélaga hvað varðar landnotkun og styðja við sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Miðað við þær áherslur sem ákvarðaðar hafa verið eru eftirtaldir þættir einkum líklegir til að valda umhverfisáhrifum í tengslum við landsskipulagsstefnu:

- Aukning í fjölda ferðamanna til landsins og notkun lands vegna ferðaþjónustu á miðhálandinu.
- Aukin orkunýting og notkun lands vegna hennar og orkuflutnings á miðhálandinu.
- Dreifing og þéttleiki íbúðabyggðar og uppbygging frístunda- og búgarðabyggðar.
- Notkun og nýting á hafsvæðum, svo sem vegna fiskeldis, orkunýtingar, efnisnáms og skipaumferðar.

5.4 Umfang og nákvæmni umhverfismats

5.4.1 Afmörkun umhverfismats

Landsskipulagsstefna er víðtæk stefna á landsvísu. Nákvæmni upplýsinga um möguleg umhverfisáhrif verða í samræmi við nákvæmni stefnunnar. Fjallað verður um hvernig stefnan getur haft áhrif á skilgreinda umhverfisþætti sbr. kafla 5.4.3 Skilgreining umhverfisþátta.

Lögð verður áhersla á að gera grein fyrir almennri þróun umhverfispáttá með tilkomu landsskipulagsstefnu og tekur nákvæmni upplýsinga mið af því. Umfjöllun um áhrif landsskipulagsstefnu mun hvorki ná til staðbundinna áhrifa á tiltekna umhverfispætti né til tölulegs umfangs áhrifa, nema að sérstakar aðstæður kalli á það og gögn leyfi.


Umhverfismat landsskipulagsstefnu afmarkast við mat á umhverfisáhrifum samræmdrar landsskipulagsstefnu (stefnu ríkisins um skipulagsmál og stefnu um skipulagsmál miðhálandisins) og þeirra áherslna sem þar er fjallað um. Einnig koma til umfjöllunar í matinu tiltekin stefnumið áætlaná á landsvísu sem varða fyrrgreindar áherslur landsskipulagsstefnu.

5.4.2 Áhrif umhverfismats á landsskipulagsstefnu

Við mótun landsskipulagsstefnu verður leitast við að samþætta umhverfismatið við ferlið allt frá fyrstu stigum sbr. flæðirit bls. 19. Á þann hátt er umhverfismat áætlana notað við mótun stefnunnar ásamt því að meta líkleg áhrif hennar í heild eða einstakra hluta hennar. Virkni umhverfismatsferlisins er hvað mest ef það er nýtt samhliða stefnumótun og notað til að spyrja grundvallar spurninga um sjálfbærni svo sem um þörf eða eftirspurn fyrir tiltekna stefnu eða uppbyggingu og mögulega kosti. Slík valkostaumræða á fyrstu stigum getur, ef vel tekst til, verið farvegur fyrir umhverfisvernd og stutt við sjálfbæra þróun. Settir verða fram valkostir sem eru hagstæðir umhverfinu þegar fjallað er um leiðarljós um vernd og nýtingu lands og landsgæða.

Umhverfismat mun hafa áhrif á gerð landsskipulagsstefnunnar með því að:

- leggja til viðfangsefni sem þarf að marka skýrari stefnu um í áætlunum á landsvísu, t.d. vegna neikvæðra umhverfisáhrifa.
- benda á þá umhverfispætti sem fylgja þarf betur eftir og taka tillit til við gerð áætlana á landsvísu, svæðis- og aðalskipulagsáætlana.
- skilgreina mögulegar aðgerðir til að tryggja eftirfylgni með þróun umhverfispáttá og helstu viðfangsefna umhverfismála í landsskipulagsstefnu.
- nýta mögulega umfjöllun um valkosti við mótun landsskipulagsstefnu.
- tryggja að við mótun samræmdrar landsskipulagsstefnu verði ávallt litið til megin viðfangsefna umhverfismála á landsvísu.



5.4.3 Skilgreining umhverfispáttá

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir umhverfispáttum sem líklegir eru til að verða fyrir verulegum áhrifum vegna landsskipulagsstefnu. Skilgreining laga um umhverfismat áætlana á „umhverfi“ er eftirfarandi: „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, , landslag og samspil þessara þátta.“

Skilgreindir eru helstu umhverfispættir sem hafa vægi á landsvísu og sem eðlilegt er að landsskipulagsstefna taki tillit til. Við skilgreiningu þessara megin umhverfispáttá er tekið mið af fyrirliggjandi stefnuskjölum og alþjóðasamningum. Grunnur að afmörkun helstu þátta byggir á Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

Í ljósi markmiða landsskipulagsstefnu og meginviðfangsefna hennar auk þeirra áherslna sem komu fram á samráðsfundi 3. febrúar 2012 er lagt til að þeir umhverfisþættir sem fjalla skuli um í umhverfismati landsskipulagsstefnu verði: a) Samfélag og byggð, b) loftslag, c) landslag og ímynd, d) náttúra og jarðvegur og e) vatn og sjór (sbr. töflu 3).

Tafla 3. Helstu umhverfisþættir umhverfismats sem verða til umfjöllunar í landsskipulagsstefnu.

Umhverfisþættir	Lýsing
Samfélag og byggð	Samfélag kann að verða fyrir áhrifum vegna landsskipulagsstefnu. Náttúruvá/öryggi íbúa.
Loftslag	Landsskipulagsstefna getur haft áhrif á loftslag, fyrst og fremst á losun gróðurhúsalofttegunda.
Landslag og ímynd	Landsskipulagsstefna hefur áhrif á landslag og ásýnd. Áhersla verður lögð á landslag og ásýnd á miðhálandi. Landslag á stóran þátt í ímynd landsins sem ferðamannalands.
Náttúra og jarðvegur	Landsskipulagsstefna hefur áhrif á náttúrufar, sem er fjölbreyttur umhverfisþáttur. Áhersla verður lögð á jarðveg og verndarsvæði.
Vatn og sjór	Margvíslegar áætlanir kunna að hafa áhrif á grunnvatn og strand- og hafsvæði. Landsskipulagsstefna mun því hafa áhrif á þessa umhverfisþætti og mun umhverfismatið leggja áherslu á strand- og hafsvæði.

5.4.4 Viðfangsefni í umhverfismati landsskipulagsstefnu

Samfélag og byggð

Ósjálfbært byggða- eða búsetumynstur er viðfangsefni sem tengist breytingu á byggð með tilkomu nýrrar tegundar byggðar í dreifbýli án tengsla við búskap.

Náttúruvá og nýjar áskoranir á því sviði er viðfangsefni sem kemur til vegna loftslagsbreytinga og áhrifa hækkunar sjávarborðs á byggð við strendur landsins. Það er þörf á að fjalla um hvernig brugðist verður við þessum nýju forsendum við skipulag byggðar við strendur landsins.

Náttúra og jarðvegur

Uppblástur og jarðvegsrof er umhverfisvandamál sem er til umfjöllunar, einkum í tengslum við skipulagsmál á miðhálandi Íslands. Gróðurþekja og jarðvegur á eldvirka beltinu um miðbik landsins er viðkvæm fyrir búfjárbreit og álagi af völdum ferðamanna. Áhrif uppblásturs á miðhálandinu á loftgæði eru umtalsverð. Uppblástur eða rof er einnig vandamál í byggð á viðkvæmum svæðum á Norður- og Suðurlandi.

Loftslag

Loftslagsmálin og útblástur vegna samgangna er mikilvægt viðfangsefni í skipulagsmálum til langs tíma litið. Ýmsar aðgerðir hafa verið tilgreindar m.a. í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og í drögum að samgönguáætlun.

Landslag og ímynd

Verndun lands og varðveisla lítt snortinna víðerna á miðhálandinu er mikilvægt viðfangsefni í tengslum við náttúru, útivist og ferðamennsku. Valkostir um uppbyggingu í orkuvinnslu og orkuflutningi kunna að hafa áhrif á landslagsheildir og ásýnd lands á þessu svæði.

Álag á náttúru miðhálandisins vegna uppbyggingar og fjölgunar ferðamanna er mikilvægt viðfangsefni. Þar koma einkum til skoðunar stefnur sem varða uppbyggingu þjónustu á miðhálandinu og á hvaða hátt er hægt að stunda þennan atvinnuveg á sjálfbæran hátt til framtíðar. Einnig verða skoðuð þau svæði sem fjallað er um í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Breytingar á búsetulandslagi vegna breytinga á búsetumynstri er viðfangsefni sem tengist ört vaxandi frístundabyggð og nýrri byggð án tengsla við landbúnað í sveitum landsins. Um er að ræða hraðar breytingar á suður- og vesturhluta landsins og það þarf að fjalla um gildi búsetulandslags með tilliti til verndunar í skipulagsgerð.

Vatn og sjór

Skipulag á haf- og strandsvæðum er nýtt umfjöllunarefni í skipulagsgerð. Tilefnið er aukið álag á þessu svæði vegna vaxandi nýtingar á ýmsum sviðum, s.s. í tengslum við fiskeldi, ferðaþjónustu, orkunýtingu, efnisnám og þverun fjarða við vegagerð. Mengun strandsvæða frá landi, m.a. vegna fráveitu frá þéttbýli er einnig viðfangsefni sem mikilvægt er að fjalla um.

5.4.5 Greining og mat umhverfisáhrifa og valkostir

Aðferðafræði

Við mótnun landsskipulagsstefnu verða m.a. lagðar til grundvallar fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir og áætlanir á landsvísu. Skoðuð verður stefna einstakra áætlana, greint frá helstu umhverfisáhrifum þeirra og hvernig þær taka mið af markmiðum sjálfbærrar þróunar. Reynt verður að greina samlegðaráhrif áætlananna á fyrrgreinda umhverfisþætti og lagt mat á umhverfisáhrifin.

Mótaðir verða valkostir fyrir samræmda stefnu á grundvelli sviðsmynda sem verða til við gerð samræmdrar landsskipulagsstefnu. Sérstaklega verður skoðað hvernig stefnumörkun í áætlunum og stefnuskjölum bjóða upp á ákveðna valkosti. Þessir valkostir verða umhverfismetnir og bornir saman og niðurstöður matsins verða notaðar til að setja fram og rökstyðja samræmda landsskipulagsstefnu.

Mat umhverfisáhrifa

Skilgreind verða möguleg áhrif, jákvæð og neikvæð, bein og óbein og hvort þau verða til lengri eða skemmri tíma. Einnig verður fjallað um mögulega óvissu um áhrif og tilefni hennar. Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á landsvísu verða lögð til grundvallar við umhverfismatið. Viðmiðin er að finna í staðfestum alþjóðasamningum, lögum, stefnuskjölum og áætlunum á landsvísu og tilteknum reglugerðum. Helstu alþjóðasamningar sem tekið er

mið af eru Ramsarsamningur um votlendi, rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Samningur um líffræðilega fjölbreytni. Lög og reglugerðir sem setja viðmið eru t.d. skipulagslög, lög um náttúruvernd, lög um landgræðslu og þjóðminjalög.

Önnur viðmið og markmið er að finna í stefnuskjölum og áætlunum ríkisins og talin eru upp í kafla 3.2 Greinargerð um áætlanir ríkisins á landsvísu. Stefnuskjalið Velferð til framtíðar er mikilvægt í þessu samhengi en það dregur saman helstu skuldbindingar ríkisins og stefnumörkun á þessu sviði.

Þá geta orðið til viðmið í kjölfar ábendinga samráðsaðila landsskipulagsstefnunnar.

5.4.6 Upplýsingaöflun vegna stefnumótunar og umhverfismats

Við vinnslu landsskipulagsstefnu verður leitast við að nýta fyrirliggjandi gögn við mat á umhverfisáhrifum. Sérstakar grunnrannsóknir verða ekki framkvæmdar í tengslum við stefnumótunina og umhverfismatið og ekki verður farið í umfangsmikla gagnasöfnun umfram það sem getið er um í yfirliti yfir áætlanir á landsvísu og greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála (sbr. kafla 3.1 og 3.2). Hins vegar verða dregnar saman greinargerðir og safnað saman gögnum er varða tiltekna afmarkaða þætti en þessar upplýsingar eru einnig forsendugögn við mótun landsskipulagsstefnu. Aflað verður eftirfarandi upplýsinga:

- Greinargerð um stöðu ferðamála á miðhálandinu.
- Greining á umfangi lítt snortinna víðerna.
- Greining á landfræðilegu umfangi verndarheilda á miðhálandi Íslands.
- Kortlagning á notkun hafsvæða.
- Greining á stöðu frárennismála frá helstu þéttbýlissvæðum. Greining/gögn um mengandi starfsemi á landsvísu.
- Gögn um og greining á búsetumynstri á Íslandi.
- Greining og flokkun á bújörðum miðað við framleiðslu.
- Gögn um áhrif hækkunar sjávarborðs á byggð við strendur landsins.

Ofangreindir þættir taka mið af viðfangsefnum eða áskorunum í umhverfismálum sem eru til umfjöllunar í umhverfismatinu, en nánar er gerð grein fyrir þeim í kafla 5.4.4 Viðfangsefni í umhverfismati landsskipulagsstefnu.

6 Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu

6.1 Kröfur laga og reglugerðar um samráð við landsskipulagsstefnu

Á grundvelli ákvæða í skipulagslögum kveður reglugerð um landsskipulagsstefnu á um ýmis atriði sem varða kynningu og samráð við mótun landsskipulagsstefnu. Samkvæmt reglugerðinni skal Skipulagsstofnun móta stefnuna í virku samráði við sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir og hagsmunasamtök. Stofnunin skal einnig tryggja að almenningur eigi þess kost að fylgjast með mótun stefnunnar og koma á framfæri ábendingum og athugasemdum í vinnuferlinu.

Kveðið er á um skipun ráðgjafarnefndar, myndun samráðsvettvangs, starfrækslu vefseturs, kynningu á lýsingu landsskipulagsstefnu og auglýsingu tillögu að landsskipulagsstefnu.

6.2 Samráðsaðferðir

6.2.1 Ráðgjafarnefnd

Umhverfisráðherra hefur skipað ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu sem skal vera ráðherra og Skipulagsstofnun til ráðgjafar og samráðs við undirbúning og gerð landsskipulagsstefnu.

Í nefndinni sitja: Sigríður Auður Arnardóttir, formaður, umhverfisráðuneyti, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, skipulagsfræðingur, skipuð án tilnefningar, Dorothee Katrín Lubecki, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Albertína F. Elíasdóttir, skipuð áheyrnarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þorsteinn R. Hermannsson, samgönguverkfræðingur, tilnefndur af innanríkisráðuneyti, Helga Barðadóttir, deildarsérfræðingur, tilnefnd af iðnaðarráðuneyti, Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarfræðingur, tilnefndur af forsætisráðuneyti.

Ráðgjafarnefnd skal vera umhverfisráðherra og Skipulagsstofnun til ráðgjafar og samráðs við undirbúning landsskipulagsstefnu. Í því felst m.a. að veita faglega ráðgjöf við mótun landsskipulagsstefnu og koma með tillögum um samþættingu áætlana. Starfi nefndarinnar lýkur þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um landsskipulagsstefnu.

6.2.2 Samráðsvettvangur

Skipulagsstofnun hefur komið á fót samráðsvettvangi fyrir mótun landsskipulagsstefnu með því að óska eftir tilnefningum frá þeim aðilum sem tilgreindir eru í reglugerð um landsskipulagsstefnu. Þessir aðilar eru m.a. sveitarfélög og samtök þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki sem sinna uppbyggingu og rekstri grunngerðar og samtök á sviði atvinnuvega og náttúru- og umhverfisverndar. Einnig hefur verið birt auglýsing í dagblöðum þar sem almenningi er boðið að skrá sig á vettvanginn. Listi yfir fulltrúa á samráðsvettvanginum er birtur á vef Skipulagsstofnunar um landsskipulagsstefnu.

Við mótun landsskipulagsstefnu mun Skipulagsstofnun leita eftir ábendingum og tillögum frá samráðsvettvanginum. Það verður m.a. gert með samráðsfundum (sjá kafla 6.2.4 og 6.2.5) og kynningu á tillögudrögum (kafla 6.3.3) en einnig er gert ráð fyrir að við vinnslu tillögunnar

verði sendir tölvupóstar til vettvangsins með spurningum um einstök atriði eða lagðar fram hugmyndir til kynningar og umræðu.

6.2.3 Vefur um landsskipulagsstefnu

Á sérstökum vef Skipulagsstofnunar, www.landsskipulag.is, verða birtar fréttir um framgang vinnunnar og ýmis skjöl eftir því sem þau verða til. Meðal skjala sem verða birt eru þau þrjú sem tilgreind eru í reglugerð um landsskipulagsstefnu: Lýsing landsskipulagsstefnu, yfirlit yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála. Þá verða birtar samantektir af fundum á samráðsvettvangi, drög að landsskipulagsstefnu og síðar tillaga til auglýsingar. Að lokum verður á vefnum tillaga Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra ásamt umhverfisskýrslu og greinargerð með endanlegri afgreiðslu skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlna. Einnig verða birtar samantektir um athugasemdir sem bárust við tillögudrög og auglýsta tillögu og úrvinnslu þeirra athugasemda. Sjá nánar yfirlit í töflu í kafla 6.4.

Á vefnum verður möguleiki á að koma á framfæri ábendingum, athugasemdum og spurningum varðandi mótun landsskipulagsstefnu.

6.2.4 Samráðsfundir

Á fyrstu stigum vinnu við landsskipulagsstefnu, eða 3. febrúar 2012, var haldinn fundur á samráðsvettvangi þar sem Skipulagsstofnun kynnti nálgun og áherslur við mótun stefnunnar og hvernig staðið verður að kynningu og samráði. Á fundinum var rætt í smærri hópum um viðfangsefni og sjónarmið varðandi þær áherslur sem umhverfisráðherra hefur tilgreint.

Annar fundur á samráðsvettvangi verður haldinn í mars/apríl þar sem stefnumótun fyrir miðhálandið verður til umfjöllunar (sjá kafla 6.2.5).

Þriðji fundur á samráðsvettvangi er ráðgerður í ágúst en þá verða drög að landsskipulagsstefnu kynnt og rædd.

Auk þessa verða haldnir fundir með einstökum hagsmunaaðilum, eftir því sem tilefni þykir til, um tiltekin mál til að leita eftir upplýsingum og sjónarmiðum. Birtar verða fréttir um slíkt samráð á vef landsskipulagsstefnu.

6.2.5 Málstofa um miðhálandið

Haldin verður sérstök málstofa um viðfangsefni og áherslur í skipulagi miðhálandisins en stefnumörkun fyrir miðhálandið er megin verkefni fyrstu landsskipulagsstefnunnar, sbr. kafli 2.2. Málstofan verður haldin í mars/apríl og verður öllum á samráðsvettvangi boðið að sitja hana. Á málstofunni verða innlegg eða stuttar kynningar um valin viðfangsefni og síðan umræður um þau.

6.3 Samráðsferlið

6.3.1 Lýsing landsskipulagsstefnu

Afrakstur fyrsta fundar á samráðsvettvangi var mikilvægur við gerð lýsingar landsskipulagsstefnu. Þar var leitað áhlits á því á hverju landsskipulagsstefnan á að taka innan þeirra þriggja áherslna sem umhverfisráðherra hefur tilgreint og leitað eftir sjónarmiðum fundarmanna varðandi þau. Sá þáttur lýsingarinnar sem snýr að umfangi og nákvæmni umhverfismats landsskipulagsstefnu verður kynntur umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun sérstaklega, sbr. ákvæði reglugerðar um landsskipulagsstefnu.

Lýsingin verður auglýst í dagblöðum. Allir sem vilja geta sent inn athugasemdir innan þriggja vikna frá því auglýsing birtist.

Yfirlit yfir framkomnar ábendingar og athugasemdir við lýsinguna verður birt á vef Skipulagsstofnunar. Þar verður gerð grein fyrir umsögn stofnunarinnar um þær og hvernig fyrirhugað er að vinna úr þeim við frekari mótun landsskipulagsstefnunnar.

6.3.2 Mótun landsskipulagsstefnu

Þegar lýsing liggur fyrir og eiginleg stefnumótun hefst verður haft samráð við þátttakendur á samráðsvettvangi með því að senda þeim spurningar, eða drög eftir því sem þau verða til og óska eftir sjónarmiðum eða hugmyndum. Haldinn verður einn samráðsfundur eða málstofa í mars/apríl þar sem fjallað verður um miðhálandið. Samantekt um málþingið verður birt á vef Skipulagsstofnunar.

Við mótun stefnunnar verður einnig leitað eftir upplýsingum og sjónarmiðum frá einstökum hagsmunaaðilum, eftir því sem tilefni þykir til.

6.3.3 Framsetning tillögu

Drög að heildstæðri landsskipulagsstefnu verða birt á vef Skipulagsstofnunar í byrjun ágúst 2012 og þá verður þriðji fundurinn á samráðsvettvangi þar sem drögin verða kynnt og rædd. Samantekt um umræður á fundinum verður birt á vefnum.

Drögin verða til kynningar á vefnum í tvær vikur. Samantekt um athugasemdir sem bárust og úrvinnsla þeirra verður birt á vef Skipulagsstofnunar.

6.3.4 Auglýsing tillögu og umhverfisskýrslu

Endanleg tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu, ásamt umhverfismati stefnunnar verður birt á vef stofnunarinnar og kynnt ráðgjafarnefnd og samráðsvettvangi. Tillagan verður auglýst í Lögbirtingablaðinu og dagblöðum.

Í auglýsingu verður tilgreint hvar tillagan verður aðgengileg og geta allir gert athugasemdir við hana innan tilgreinds frests sem verður ekki skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Athugasemdum skal skila til Skipulagsstofnunar.

Á auglýsingartíma verður tillagan send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka.

6.3.5 Lokavinnsla landsskipulagsstefnu

Að auglýsingatíma loknum mun Skipulagsstofnun fara yfir athugasemdir og umsagnir og taka afstöðu til hvort þær kalla á breytingu á tillögunni. Tekin verður saman greinargerð um athugasemdirnar og umsagnir og hvernig brugðist er við þeim og hún birt á vef stofnunarinnar til kynningar. Í kjölfarið verður gengið frá tillögu landsskipulagsstefnu til umhverfisráðherra ásamt greinargerð með endanlegri afgreiðslu.

6.4 Yfirlit yfir ferli og aðferðir

Áfangar og helstu verkþættir	Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu árið 2012				
	Um hvað?	Við hverja?	Hvernig?	Hvenær?	Hvaða gögn verða kynnt og hvar?
<i>Lýsing landsskipulagsstefnu</i>					
Gerð lýsingar fyrir landsskipulagsstefnu.	Viðfangsefni landsskipulagsstefnu og áherslur varðandi þau.	Alla á samráðsvettvangi.	Samráðsfundur þar sem rætt er í litlum hópum um eitt af þeim þeimum sem umhverfisráðuneytið hefur tilgreint.	febrúar 2012	Yfirlit yfir efnisatriði sem komu fram í umræðuhópum á fundinum verða birt á vef Skipulagsstofnunar eftir fundinn.
Kynning lýsingar með tilgreindum athugasemdafresti.	Um viðfangsefni landsskipulagsstefnu og nálgun við mótun hennar.	Alla landsmenn.	Á vef Skipulagsstofnunar.	3 vikur mars 2012	Lýsing birt á vef Skipulagsstofnunar.
Úrvinnsla athugasemda við lýsingu.				mars – apríl 2012	Frétt birt á vef Skipulagsstofnunar um helstu atriði sem fram komu í athugasemdum og hvernig var unnið úr þeim. Uppfærð lýsing birt á vefnum.

Áfangar og helstu verkþættir	Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu árið 2012				
	Um hvað?	Við hverja?	Hvernig?	Hvenær?	Hvaða gögn verða kynnt og hvar?
<i>Mótun landsskipulagsstefnu</i>					
Mótun stefnu fyrir miðhálandið.	Um hvað marka á stefnu og hver sú stefna á að vera.	Alla á samráðsvettvangi.	Málstofa um miðhálandið. Tölvupóstur með spurningum um tiltekin atriði eða ósk um álit á tillögudrögum.	mars/apríl 2012	Yfirlit yfir efnisatriði sem komu fram í umræðuhópum á fundinum verða birt á vef Skipulagsstofnunar.
		Einstaka hagsmunaaðila.	Fundir með einstökum aðilum eftir því sem tilefni er til.		
Mótun stefnu um búsetumynstur.	Um hvað marka á stefnu og hver sú stefna á að vera.	Alla á samráðsvettvangi	Tölvupóstur með spurningum um tiltekin atriði eða ósk um álit á tillögudrögum.	mars – júní 2012	Fréttir birtar á vef Skipulagsstofnunar um framgang við mótun stefnunnar.
		Einstaka hagsmunaaðila.	Fundir með einstökum aðilum eftir því sem tilefni er til.		
Mótun stefnu fyrir haf- og strandsvæði.	Um hvað marka á stefnu og hver sú stefna á að vera.	Alla á samráðsvettvangi	Tölvupóstur með spurningum um tiltekin atriði eða ósk um álit á tillögudrögum.		
		Einstaka hagsmunaaðila.	Fundir með einstökum aðilum eftir því sem tilefni er til.		

Áfangar og helstu verkþættir	Kynning og samráð við mótun landsskipulagsstefnu árið 2012				
	Um hvað?	Við hverja?	Hvernig?	Hvenær?	Hvaða gögn verða kynnt og hvar?
<i>Framsetning tillögu</i>					
Heildardrög að landsskipulagsstefnu kynnt.	Framlagðar tillögur að stefnu.	Alla á samráðsvettvangi.	Kynningar- og samráðsfundur.	ágúst 2012	Drög birt á vef Skipulagsstofnunar. Frétt fyrir og eftir fundinn birt á vef Skipulagsstofnunar.
		Allir landsmenn.	Á vef Skipulagsstofnunar.	2 vikur í ágúst 2012	Drög birt á vef Skipulagsstofnunar.
Úrvinnsla úr athugasemdum við tillögudrög.				ágúst 2012	Samantekt um athugasemdir sem bárust og úrvinnsla þeirra birt á vef Skipulagsstofnunar.
<i>Auglýsing tillögu og umsagnarferli</i>					
Tillaga auglýst.		Allir landsmenn.	Á vef Skipulagsstofnunar.	8 vikur í september og október 2012	Tillaga birt á vef Skipulagsstofnunar og prentuð einstök til sýnis hjá Skipulagsstofnun.
Tillaga send til umsagnar lögbundinna umsagnaraðila.		Lögbundnir umsagnaraðilar.		6 vikur í september og október 2012	

<i>Lokavinnsla landsskipulagsstefnu</i>					
Greinargerð um aths. og umsagnir.		Allir landsmenn.		nóvember 2012	Birt á vef Skipulagsstofnunar.
Skil á tillögu að landsskipulagsstefnu til umhverfisráðherra.				desember 2012	Birt á vef Skipulagsstofnunar.

